



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1738
komudagur 24.4.2006

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
 ICELAND CHAMBER
 OF COMMERCE

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. apríl 2006.

Efni: Frumvarp til laga um kjararáð (710. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem gerir ráð fyrir því að það verði verkefni kjararáðs að ákveða laun og starfskjör þjóðkjörinna manna, ráðherra og dómara og ýmissa annarra ríkisstarfsmanna.

Í greinarðgerð er þeim hópum sem falla eiga undir kjararáð skipti í tvennt. Í fyrsta lagi er um að ræða kjörna fulltrúa og dómara. Verður á það fallist með frumvarpsflytjanda að þeir geti ekki samið um kjör sín vegna þess að þeir eiga sér enga yfirboðara. Hinsvegar verður ekki á það fallist að halda þurfi úti sérstöku stjórnvaldi til að ákvarða laun þessa fólks, með öllum þeim kostnaði sem því fylgir. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að kjararáð taki ætíð tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Til er sérstök vísitala, launavísitala, sem mælir almenna þróun kjaramála á vinnumarkaði. Mun eðlilegra, gagnsærra, ódýrara og óumdeildara fyrirkomulag hlýtur því að vera að laun þessa fólks sé bundið við launavísitölu með lögum.

Í öðru lagi er um að ræða fólk sem talið er að eigi ekki að eiga samningsrétt vegna eðlis starfanna ýmist af öryggisástæðum eða vegna þess að þeir eru í fyrirsvari fyrir ríkið í samskiptum við ríkisstarfsmenn í kjaramálum. Í greinargerðinni með frumvarpinu er ekki reynt að færa rök fyrir því af hverju þessir tilteknu hópar eru taldir falla undir þessa skilgreiningu. T.d. er vandséð að prófessorar gegni einhverju öryggishlutverki í samfélaginu eða að nauðsynlegt sé að fella þá af öðrum ástæðum undir kjararáð. Furðu vekur einnig að störf þeirra verði að þessu leiti talin frábrugðin störfum lektora eða dósentna, sem falla ekki undir lögin.

Í ágætri umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis (fylgiskjal VI) segir: „...að kostnaður kjararáðs verði álíka og kostnaður Kjaradóms og kjaranefndar.“ Verður það að teljast eðlileg niðurstaða að samanlagður kostnaður lækki en Viðskiptaráð gerir sér hinsvegar ekki miklar vonir um að þetta mat ráðuneytisins muni ganga eftir. Í kafla 3.1.1 í nýútkominni ítarlegri skýrslu Viðskiptaráðs „Ísland 2015“ kemur fram að í þeim dæmum um sameiningu stofnana sem skoðuð voru árunum 1999 til 2005 lækkað kostnaður ekki eins og oft var spáð, heldur jókst hann. Rétt er því að hvetja fjárveitingavaldið til að fylgjast vel með því að fjárveitingar til kjararáðs aukist ekki frá því sem nú er til kjarnefndar og Kjaradóms.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,
 f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


 Davíð Þorláksson